

7. gr.

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur skal halda á tímabilinu 1. mars til maíloka ár hvert. Stjórn getur ákveðið að aðalfundur fari fram rafrænt í fjarfundi eða sem bæði stað- og fjarfundur og skal þess þá getið í fundarboði. Fara þá rafrænt fram atkvæðagreiðslur, samþykktir og slíkt sem jafnan færi fram skriflega. Aðalfundur skal auglýsa á heimasíðu félagsins og boða með tölvupósti þeim sem hafa netfang skráð í félagaskrá en öðrum og þeim sem þess óska sérstaklega skal sent skriflegt fundarboð. Fundarboð skal sent félagsmönnum a.m.k. þrem vikum fyrir aðalfund ásamt lagabreytingartillögum og tillögum kjörnefndar og miða skal við dagsetningu tölvupósts eða póststimpils. Í aðalfundarboði skal vera:

Dagskrá aðalfundar.

Tillögur um lagabreytingar ef einhverjar eru.

Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað. Afl atkvæða ræður á aðalfundi, sbr. VIII (áttunda) kafla félagslaganna. Aðalfundi er heimilt að vísa málum til allsherjar atkvæðagreiðslu.

*Breytingartillagan frá stjórn kemur til vegna þeirra aðstæðna sem upp hafa komið í þjóðfélaginu og heiminum öllum.*